



KNATTSPYRNA

„ÞÚ DÆMIR EKKI Á LÍFEYRISPEGA“

LISTIR

Lítill og létt en býr yfir heilum heimi



STOFNAD 1913

155. töublað
96. árgangur
Landsprent ehf.

Morgunblaðið

MBL.IS

Morgunblaðið
hvar sem er
hvenær sem er

SUNNUDAGUR 8. JÚNÍ 2008

Vikingaborgin Liverpool

STEPHEN Harding, prófessor við Háskólann í Nottingham, telur sig hafa fært sönnur á að Vínheiði



sé í næsta nágrenni við Liverpool. Þar börðust þeir Þórólfr og Egill Skalla-Grímssynir með liði Aðalsteins Englakonungs en þar féll Þórólfr.

Stór hluti íbúa Liverpool-svæðisins á ættir að rekja til norskra víkinga og keltneskra kvenna. Örnefnið leyna sér heldur ekki: Þórsteinstún, Kjarrdalur og Þingvöllur.

Frændur sækja frændur heim og Íslendingar flykkjast nú til Liverpool sem aldrei fyrr. Flestir fara í pílgrimsferð á slóðir Bítlauna sem hafa verið dáðir hér á landi í fjóra áratugi.

Stephen Harding segir þetta ofur eðlilegt. „Við erum náskyldir. Þið eruð komnir af Norðmönnum sem fluttust til Íslands og tóku með sér keltneskar konur. Við erum hins vegar komnir af norskum víkingum sem settust að á Wirral-skaga árið 902. Það er því ofur eðlilegt að Íslendingar hrifist af menningu Liverpool því að við höfum erfitt það besta frá foræðrum okkar og feðrum.“ | 26

ESB hlúir að lífrænu

Það gæti orðið hagfelld út frá hagsmunum lífræns landbúnaðar að Ísland gengi í Evrópusambandið. Það myndi hvetja til lífrænnar þróunar og styrkja samkeppnisstöðu íslenskra framleiðenda.

Þetta er skoðun Gunnars Á. Gunnarssonar hjá vottunarstofunni Tóni. „Ísland verður að fylgja reglum ESB um lífræna framleiðslu og merkingar vegna EES-samningsins en við eigum takmarkaða aðkomu að mótun reglnanna.

Að því leyti væri það kostur fyrir okkur að sitja við sama borð og þjóðir ESB,“ segir Gunnar. | 14

Endurbætur standa yfir á Skólavörðustíg



Morgunblaðið/G.Rúnar

„Réttu mér sleggjuna“

Það er eins gott að samstarfsmaðurinn missi ekki sleggjuna þegar höfuðið er teyggt upp úr götunni í kringumstæðum sem þessum.

Skólavörðustígur, ein helsta verslunargata miðborgarinnar, hefur nú verið grafinn upp og geta vegfarendur nú litið rör og leiðslur þar sem venjulega er að sjá grátt og veðurbarið malbik. Verslunareigendur finna fyrir þeirri röskun sem framkvæmdirnar hafa valdið og bíða þess eflaust að mokað verði í skörðin. Þangað til munu hamarshögg verkta og starfsmanna Orkuveitunnar vera það undirspil sem tekur undir með klukkubjöllunum þar sem þær sveiflast í Hallgrímskirkjuturni. | baldur@mbl.is

Fara kennarar í haust?

Óttast neikvæð áhrif á framhaldsskólana verði ósamið með haustinu

Eftir Silju Björk Hulduóttur
silja@mbl.is

„Það er mjög þungt hljóð í okkar fólki. Mönnum finnst allt of mikill hægagangur í samningaviðræðum,“ segir Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, en trúnaðarmenn félagsins funduðu nýverið til að fara yfir stöðuna í kjarasamningum þess við ríkið.

Að mati Aðalheiðar ríður á að samið verði sem allra fyrst, því það megi ekki gerast að ósamið verði þegar skólarnir hefjist í haust því það gæti haft alvarleg áhrif. Bendir hún á að verði staðan óbreytt í haust þá óttist hún að kennarar fari að horfa í kringum sig eftir betur launum störfum.

Skynja viljaleysi ríkisvaldsins

„Við upplifum ákveðið andvaraleysi frá ríkisvaldinu gagnvart launakjörunum í framhaldsskólunum og viljaleysi til þess að bregðast við stöðunni. Það lýsir sér í því að við höfum dregist aftur úr miðað við samamburðarhópa í BHM. Kennarar hafa ekki notið góðs af þenslunni sem ríkt hefur að undanförmu, þannig að eins og staðan er í dag eru framhaldsskólarnir því miður engan

Í HNOTSKURN

- » Síðasti kjarasamningur Félags framhaldsskólakennara við ríkið rann út 30. apríl 2008.
- » Samningum félagsins við ríkið var vísað til ríkissáttasemjara 26. maí sl.
- » Framhaldsskólakennarar vilja semja til eins árs.
- » Næsti samningafundur verður haldinn 12. júní.

vegin samkeppnishæfir launalega séð um gott fólk á vinnumarkaði,“ segir Aðalheiður og bendir á að nokkuð beri á því að ungum, nýút-skrifuðum kennurum bregði þegar þeir heyri hver launakjör byrjenda eru og freisti þess að leita í önnur betur launuð störf. Bendir Aðalheiður á að framleiðni framhaldsskólanna hafi aukist mjög á síðustu misserum og afkoma þeirra samhlíða því batnað með auknum fjölda nemenda en það hafi ekki skilað sér í launakjörunum kennara.

Of margir syngja á ensku



„VIÐ eigum úrvalfólk og efri gæðamörkin hafa hækkað mikið síðan ég byrjaði að hlusta á íslenska tónlist. Það að eiga manneskju eins og Björk Guðmundsdóttur er mikilvægt. Hún hefur aldrei verið að eltað við að verða eins og einhver annar, frumleikinn er hennar styrkur,“ segir Andrea Jónsdóttir, útvarpskona og rokkamma.

Andrea hefur starfað í útvarpi í aldarfjórðung og er hafsjór af fróðleik um tónlist, erlenda sem íslenska. Hún segir að of margir íslenskir tónlistarmenn noti enska texta. „Ég held að enskan sé ekki það sem kemur fólki á erlendan markað. Auk þess má ekki gleyma að tónlist með íslenskum textum er nær hjarta þjóðarinnar og lifir betur með henni á íslensku.“ | 22

Sköpun og sjálfstæði í listmenntaskóla



Hugmyndir eru um að listmenntaskóli fái inni í núverandi húsnæði Háskólans í Reykjavík. Ef af verður mun Listmenntaskóli Íslands taka til starfa 2010 og er reiknað með um 850 nemendum á ári.

Sölvi Sveinsson, sem unnið hefur að undirbúningi málsins, segir að skólinn muni búa að miklum faglegum metnaði frá Tónlistarskólunum í Reykjavík, Myndlistaskólunum í Reykjavík og listdansbraut skólans verður sniðin að námskrá Listdanskóla Íslands. | 32

VIKUSPEGILL



Hvers vegna tapaði Hillary?

Nú þegar liggur fyrir hver verður frambjóðandi demókrataflokkssins í forsetakosningunum í Bandaríkjunum spyrja menn hvað hafi farið úrskeiðis í kosningabaráttu Hillary Clinton? Voru áherslurnar rangar?



Obama mótaðist af móður sinni

Barack Obama segir að móðir sín hafi haft mikil áhrif á hvernig stjórnmálamaður hann er í dag. Obama er sonur konu frá Kansas og manns frá Kenýa. Hjónaband þeirra entist ekki.



Hverjir eru bestir í fótbolta?

Íslendingar hafa aldrei átt lið á Evrópumóti landsliða í knattspyrnu en þjóðin fylgist samt spennit með mótnu eins og fólk víða um heim gerir. Stóra spurningin er, hverjir eru bestir?

Sögur, gen og tungu

Fyrir nokkru kom hingað þekktur breskur erfðafræðingur, Stephen Harding að nafni. Flutti hann fyrirlestur í boði Háskóla Íslands sem nefndist Á höttunum eftir íslenskum genum í gömlu Liverpool. Hann greindi **Arnhóri Helgasyni** frá efni fyrirlestrarins og öðru sem snertir rannsóknir hans.

Stephen Harding virtist mér röskleikamaður í framgöngu. Gestgjafi hans, Birgir Jónsson, kennari við verkfræðideild Háskóla Íslands og áhugamaður um sitthvað sem tengir saman Íslendinga og Breta, hafði greinilega undirbúið Harding fyrir viðtalið og því fórum við undir eins á flug. Stephen Harding var hingað kominn öðru sinni og ætlaði á sögu-slóðir Íslendingasagna og bar því margt á góma. Endaði sú umræða með því að blaðamaður taldi sig knúinn til að snúa sér að alvöru málsins, en vildi fyrst vita hvernig við skyldum ávarpa hvor annan.

„Blessaður, kallaðu mig Stephen,“ svaraði hann að bragði.

Samþætting ólíkra vísinda

Samtalið beindist fyrst að því hvernig ýmsar vísindagreinar hafa komið til stuðnings rannsóknum sagnfræðinga.

„Þú veist líklega að sagnfræðingar halda því fram að erfðafræðingar uppgötvu ýmislegt sem þegar hefur verið vitað lengi eða telji sig sanna annað sem getur ekki verið satt,“ segir Stephen kankvís.

„Skilningur fræðimanna hefur aukist á nauðsyn þess að fólk með ólíkan bakgrunn vinni saman að lausn ýmissa álitamála. Má þar nefna málfraeðinga, sagnfræðinga, fornleifafræðinga, jarðfræðinga og nú upp á síðkastið líffræðinga. Á undanförunum áratugum hefur því gagnkvæm virðing aukist á meðal sérfræðinga úr ólíkum greinum og menn vinna nú fremur saman en gegn hver öðrum.“

Saga Bretlands markast öðru fremur af innrásum allt fram yfir miðja 11. öld og urðu landsmenn einkum fyrir barðinu á norrænum víkingum um það leyti sem Ísland byggðist.

„Forfeður mínir hafa búið á Liverpool-svæðinu öldum saman. Ég vissi nær ekkert um víkingatímabilið í sögu Bretlands þegar ég var ungur. Af minni sagði mér þó sögur um Þingvöll (Thingwall), en tveir staðir á svæðinu eru með þessu nafni. Annar er á Wirral-skaga þar sem ég er alinn upp en hinn í Vestur-Liverpool. Þetta eru einu staðirnir á Bretlandseyjum með þessu nafni, en annars staðar höfum við dingwall (í Skotlandi) og Tinwall á Mön.“

Af sagði mér einnig frá steinhleðslum við stað sem kallast Thurstaston (Þórsteinstún), en þær tengja sumir við Þórsdýrkun. Sú sögn er fremur ung eða frá 18. öld, að því er menn telja nú.“

Víkingar á Wirral-skaga

Stephen Harding stundaði nám í eðlisfræði við háskólann í Oxford. Þegar hann var að leggja lokahönd á prófritgerð sína sá hann á kjöl bókar nokkurrar sem heitir The Scandinavian England eftir F.T. Wainwright.

„Ég var orðinn leiður á lestrinum og öllum þessum formúlum og greip því bókina feginshendi. Mér brá heldur í brún þegar ég uppgötvaði að um helmingur bókarrinnar var helgaður Liverpool-svæðinu, Wirral og Vestur-Lancashire – heimaslóðum mínum.“

Það kom Stephen mest á óvart að í bókinni var greint frá norrænum víkingum sem voru hraktir frá Dyflinni árið 902. Þeir leituðu landtöku á Englandi á nokkrum stöðum

áður en þeir tóku land á Wirral-skaga. Dóttir Elfráðs Englakonungs, Aethelfraeth (Æþelflæð) að nafni, veitti foringja þeirra, er Ingimundur hét, leyfi til þess að nema land á þessum strjálbyggða skaga með því skilyrði að víkingar héldu frið við þarlenda menn.

„Þeir héldu aftur af sér í fimm ár,“ heldur Stephen áfram. „Árið 907 réðust þeir á borgina Chester og náðu síðar undir sig stórum svæðum fyrir sunnan og vestan Wirral. Þar gengu þeir í lið með öðrum hópum víkinga sem höfðu tekið landið herskildi.“

Einn góður vinur minn hefur sett fram þá tilgátu að foringi víkinga, Ingimundur, hafi verið ykkar Ingimundur gamli. Hann hafi farið til Íslands eftir að hafa fengið sig fullsaddan á styrjöldum og sest þar í helgan stein. Það tel ég fremur ólíklegt því að Ingimundur gamli hefur sennilega verið fyrir á ferðinni.

Þá dró það ekki úr áhuga mínum þegar ég komst að því að nafn fótboltafélagsins sem ég studdi, Tranmere Rovers, er af norrænum uppruna, Trönum elur.“

Norræn örnefni

Heimildir um norræna víkinga-höfðingjann Ingimund er að finna í þremur írskum annálabrotum sem fundust á 17. öld. Þar greinir frá því að víkingar þessir hafi búið í friði við Engilsaxa og Breta í fimm ár, en hafi þá ráðist á Chester. Engilsaxneskir annálar staðfesta þessa frásögn en þar má lesa að árið 907 hafi varnir borgarinnar verið styrktar. Og nú telja menn engum vafa undirorpið að Ingimundur þessi hafi í raun verið á dögum.

Fornleifarannsóknir og hin fjölmörgu nöfn af norrænum uppruna, sem er að finna á þessu svæði, bera því einnig órækt vitni að áhrif norrænna víkinga hafa verið býsna mikil. Sem dæmi nefnir Stephen að endingin -car sé rakin til orðsins kjarr og þá má einnig nefna nokkra staði með endingunni -by (býr eða bær) og -rake (raki) sem á við votlend svæði.

Erfðafræðin kemur til hjálpar

Í fyrirlestri sínum fjallaði Stephen Harding um niðurstöður viðamikilla erfðafræðirannsókna sem hófust á Liverpool-svæðinu árið 2002.


„Wirral-svæðið og héruðin í kring eru tilvalin til rannsókna á búsetu víkinga og arfleifð þeirra. Ég nefni sem dæmi að til eru tveir bautasteinar með mynd af Þórshamri er sumir telja og þar af fannst annar fyrir nokkrum árum. Þess ber að geta að ýmsar menjar fyrri tíðar voru eyðilagðar á dögum Cromwells. Þá hafa fundist silfur- og skartgripasjóðir og ýmislegt fleira gæti ég nefnt,“ segir Stephen.

Rannsóknargildi ættarnafna

„Þess má geta að norrænarnafnahefðir virtust haldast allt fram á 16. eða jafnvel 17. öld. Þannig voru konur kenndar við fedur sína eins og enn tíðkast hjá Íslendingum.“

Helsti vandinn er sá að íbúum hefur fjölgað að mun á þessu svæði og hafa þeir komið hvaðanæva frá Bretlandseyjum. Þess vegna er hætt við að erfðara sé nú en áður að rekja uppruna fólks til norrænna víkinga.“

Stephen Harding segir að auð-



Í HNOTSKURN

» Stephen Harding er prófessor við University of Nottingham, School of Biosciences. Hann lauk BA- og MAnámi við University of Oxford og doktorsgráðu við University of Leicester.

» Nýlegar rannsóknir, sem hann hefur staðið að, benda til þess að um helmingur íbúa á Liverpool-svæðinu hafi á miðöldum átt uppruna sinn að rekja til norskra forfedra.

» Stephen Harding telur frásögn Egils sögu um orrustuna við Vínheiði eiga við rök að styðjast en atburðarásin hafi verið talsvert frábrugðin.

veldast hafi verið að nota ættarnöfn sem grundvöll rannsókna á uppruna fólks. Ákveðið var að kanna samsetningu Y-litninga hjá karlmonnum sem báru ættarnöfn sem voru við lýði á svæðinu fyrir iðnbýltingu. Hinrik VIII var ævinlega í mikilli fjárþörf og til eru nákvæmar skrár yfir skattgreiðendur í Wirral árið 1542. Þá var einnig leitað í

Morgunblaðið/Eggert

Stephen Harding í fyrirlestri sínum fjallaði Stephen Harding um niðurstöður viðamikilla erfðafræðirannsókna sem hófust á Liverpool-svæðinu árið 2002.

heimildir um kráareigendur og sakamenn. „Því miður var forfaðir minn þar á meðal, en hann var ákærður fyrir að eyðileggja limgerði og hundabjófnað. Tekið skal fram að hann var sýknaður,“ segir Stephen og hlær við.

„Beitt var aðferðum, sem dr. Agnar Helgason hjá Íslenskri erfðagreiningu hefur þróað við rannsóknir á genamengi tiltekinnna hópa. Fengnir voru sjálfboðaliðar úr hópi karlanna sem báru ættarnöfn sem tíðkast höfðu á svæðinu og fundust í heimildum sem nefndar voru hér fyrir. Tekið skal fram að ekki var um norræn nöfn að ræða.“

Í ljós hefur komið að allt að helmingi íbúa þessa svæðis á miðöldum virðist hafa verið af norrænum uppruna, einkum norskum. Litningasamsetning Dana er allólik svo að auðvelt er að skilja þar á milli.“

Þórólfrur og Egill

Þá véc talinu að þeim atburðum sem greint er frá í Egils sögu, er þeir bræður, Þórólfrur og Egill, gengu í lið með Aðalsteini Englakonungi og börðust gegn Ólafi

Skotakonungi á Vínheiði á Englandi. Þar féll Þórólfrur.

Menn hefur lengi greint á um það hvar Vínheiði hafi verið, en það nafn finnst hvergi svo að vitað sé eða neitt sem svipar til þess. Stephen Harding segir að flest bendi til þess að orrustan hafi staðið nærri borg þeirri gegnt Liverpool sem nefnist Bromborough frá því á 18. öld en hét áður Brunanburh.

„Orrustunnar við Brunanburh er getið í kvæði sem skráð var á engilsaxnesku árið 937, en ráða má að orrustan hafi verið háð nokkrum árum fyrir. Þar eru einungis þrjár staðir nefndir,“ segir Stephen, en á næsta ári kemur út hjá Cambridge University Press bókinn The Battle of Brunanburh en auk Stephens Hardings eru höfundar hennar Paul Cavill og Jayne Carroll.

„Þessir staðir eru Brunanburh eða In Brunanburh sem þýðir hjá eða við Brunanburh. Þá er nefnd til sögunnar Dyflin þaðan sem ársárlíðið kom og Dingesmere en þaðan komust reiningjarnir undan. Í kvæðinu segir beinlínis að hinir leidu Norðmenn sem lifðu af spjótalöggin hafi haldið sneyptrir frá Din-

málið

Ljósmyndir sem koma að sök



gesmere yfir hafið til Íra lands. Skotar, Pictar og Wales-búar hafi flúið hver til síns heima.

Enginn veit nú hvar Dingesmere hefur verið. Í grein sem ég gaf út ásamt félögum mínum við Háskólann í Nottingham, þeim dr. Paul Cavill og Judith Jesch sem er prófessor í víkingafræðum, setjum við fram þá kenningu að nafnið Dingesmere eigi eitthvað skylt við Þingvöll og sé í raun Þingmýri. Mere var notað um votlendi og hefur svæðið verið kallað Þingmýri til þess að vara þá sem lögðu leið sína frá ströndinni að þingstaðnum við mýrlendinu og þeim hættum sem þar fólust. Þingvöllur á Wirralskaga er einungis kippkorn frá Brunanburh og við tengdum þetta hvort tveggja saman.“

Tengslin við Egils sögu

Stephen segir að þegar reynt sé að geta sér til um nákvæma staðsetningu Þingmýrar sé ekki til að dreifa neinum samtímaheimildum og hann hafi því í getgátum m.a. freistast til að taka mið af frásögnunum Egla. Einnig hafi hann velt fyrir sér hver áhrif þessarar miklu orr-

ustu hafi orðið á íbúa héraðsins.

„Ýmislegt bendir til þess að sigur Aðalsteins konungs og Játmundar af Brunanburh hafi ekki orðið jafnmikill og annálarnir herma. Flest hnigur í þá átt að Engilsaxar hafi síðan haldið suður á bóginn og hafi því þessari herför fyrst og fremst verið ætlað að hrinda af höndum sér innrás Norðmanna frá Dyflinni og skoskra höfðingja.

Egils saga er ekki trúverðug heimild um þessa atburði þótt í henni leynist ákveðin minni sem eiga við staðreyndir að styðjast. En sagnfræðin var ekki ætíð mikils virt á miðöldum heldur listin að segja söguna. Því er hætt við að sitthvað hafi skolasit til og mótað það listaverk sem Egils saga er.“



Ein er sú gerð mynda sem fullyrða má að enginn vilji af sér eiga eða af vita. Verst þykir þegar slíkar myndir leka á netið eins og stundum gerist þegar frægt fólk á í hlut. Hér er ekki átt við nektarmyndir, heldur „mug shot“, eins og þær myndir eru kallaðar á ensku, sem lögreglan tekur af fólki þegar það er handtekið.

Mug er slangurorð frá 18. öld yfir andlit, en vísar líka til grettu því oft reyndu fyrirsætunarnar að gretta sig til að vera óþekktanlegar af myndunum illræmdu.

Ekkert eitt orð er til á íslensku yfir fyrirbærið, en þau sem notuð eru gætu vart verið gangsaerri, nefnilega: andlitsmynd af afbrotamanni, samkvæmt Ensksíslensku orðabókinni. Myndin er raun tvær samhangandi ljósmyndir af sömu manneskjunni, þ.e. afbrotamanninum, annars vegar vangamynd og hins vegar mynd þar sem hann horfir beint í ljósmyndavélina.

Fyrir daga tölvutækninnar þurftu sakborningar að halda á spjaldi með helstu upplýsingum svo sem nafni og dagsetningu áður en smelt var af. Þess gerðist ekki lengur þörf eftir að stafræn ljósmyndatækni kom til sögunnar, því ljósmyndin tengdist gagnagrunninum með upplýsingum um allt viðvirkjandi handtökunni.

Gagnlegar myndir

Slíkar myndir geta komið lögreglunni á sporið við að upplýsa sakamála, enda bera fórnarlömb oft kennsl á misgjörðarmenn sína í myndasafni lögreglunnar. Þótt ætla mætti að yfirvöld héldu myndunum fyrir sig, er furðulega mikið af þeim á netinu. Með því að gúgla „mug shot“ koma upp ótal slóðir þar sem umfjöllunarefnið er einmitt það.

Hafi nafntogað fólk einhvern tímann á ævinni komist í kast við lögin er hætt á að sakamannamyndin fari á netið og verði þar um ókomna tíð. Eins og til dæmis af Bill Gates, stofnanda Microsoft og æðsta yfirmanni hugbúnaðarpróunar fyrirtækisins um árabil, sem handtekinn var fyrir umferðalagabrot í Albuquerque í Nýju Mexíkó árið 1977. Drengjalegt og fremur aulalegt brosið benti ekki til að þar færi maður, sem síðar yrði sá ríkasti í heimi og dádur fyrir andlegt atgerfi sitt. Fleiri þekkt nöfn mætti tína til, en á vefjunum eru þau skipulega flokkuð eftir því hvort sakborningar eru kvikmynda-leikarar, fótballstjörnur, fjölmiðlafólk, tónlistarfólk og þar fram eftir götumum.

Burtséð frá tilefni myndatökunnar þykir fólki í framangreindum störfum einkar bagalegt að myndirnar séu öllum tiltækar, sérstaklega þar sem heimspressan gerir sér far um að birta þær æ ofan í æ við töluverðan fögnuð lesenda sinna, sem sjá þar fyrirsætunarnar í sinni mynd - þ.e. hvorki „fótósjoðaðar“ né „air-brushaðar“.

Hinn skoskættaði leynilögrelumaður og njósnari,



Handtekinn Bill Gates, sem um árabil var ríkasti maður heims, braut umferðalög í Nýju Mexíkó þegar hann var 22ja ára.



Frumkvöðull Allan Pinkerton, stofnaði fyrsta leynilögrelufyrirtækið í Bandaríkjunum.

sjötta áratug átjándu aldrar stofnaði hann í félagi við lögfræðing í borginni annað slíkt fyrirtæki, sem enn er við lýði undir öðru nafni innan vébanda Securitas. Einkunnarorð fyrirtækisins var „Við sofum aldrei“ og merki þess upplengt auga.

Pinkerton gat sér gott orð fyrir að upplýsa lestarrán og önnur glæpamála og kynntist fyrir vikið Abraham Lincoln, 16. forseta Bandaríkjanna. Þegar Pinkerton var æðsti yfirmaður leyniþjónustu Bandaríkjanna 1861 komst hann að samsæri um að myrða forsetann við innsetningarathöfnina og tókst að afstýra vodaverkinu.

Pinkerton varð þjóðsagnapersóna og þótti brautryðjandi í löggæslustörfum. Honum er eignaður fjöldi leynilögrelusagna, sem sagðar eru byggja á hetjudáðum hans sjálfs og manna hans. Sagnfræðingar telja raunar að hann hafi ráðið sér leigupenna og flestum ber saman um að bækurnar séu ekki mikið bókmenntaafrek. lvjon@mbl.is

Hagfræðideild HÍ – Málstofa í efnahagsmálum
Mánudaginn 9. júní kl. 12:00-13:30, Oddi 101

Fjármálakreppan 2007-2010
í alþjóðlegu samhengi

Robert Wade, London School of Economics



Í fyrirlestrinum mun Robert Wade fjalla um orsakir og eðli fjármálakreppunnar í heiminum síðastliðið ár. Hann mun færa rök að því að hún sé alvarlegri en þær fjármálakreppur sem við höfum kynnst undanfarna áratugi og afleiðingarnar verði einnig meiri fyrir bandarískt efnahagslíf. Hann mun síðan fjalla um hugsanlegar breytingar á regluverki fjármálamarkaða í kjölfar kreppunnar, breytingar á Basel 2 samþykktum og alþjóðlegum reikningskilastöðlum, hömlur á hreyfingar fjármagns á milli landa, nýjar reglur um starfsemi fjárfestingasjóða, starfsemi og markmið seðlabanka og starfsemi matsfyrirtækja.

Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

HAGFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

www.hag.hi.is

